

Mál 14/2013

Ár 2014, þriðjudaginn 22. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 14/2013

HRFÍ
gegn
A og B

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 15. október 2013 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu (A og B) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para saman rakkann Z og tíkina X án þess að rakkinn eða tíkin hefðu gilt augnvottorð og auk þess að reglum um hvíldartíma tíkar var ekki fylgt. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dags. 16. október og þeim gefinn frestur til andmæla til 13. nóvember. Kærðu svöruðu ekki innan tilskilins frests og var þeim gefinn viðbótarfrestur til 30. janúar 2014 með bréfi dagsettu 23. janúar sem svarað var með bréfi dagsettu 29. janúar. Afrit af andsvari kærðu var sent kæranda til umsagnar sem svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því að haldið yrði áfram með málið. Þar sem siðanefnd taldi að öll þau sjónarmið er máli skiptu væru fram komin þá var ákveðið að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 7. maí 2013 var rakkinn Z paraður við tíkina X þar sem hvorki rakkinn né tíkin voru með gilt augnvottorð. Þá var reglum um hvíldartíma tíkar ekki fylgt. Tíkin var pöruð fimm sinnum á tæplega fjögurra ára tímabili. Fyrst 10. apríl 2009 þar sem hún gaut 6 hvolpum, í annað sinn 10. janúar 2010 og gaut þá 5 hvolpum, í þriðja sinn 24. júlí 2011 gaut hún 7 hvolpum, í fjórða sinn 2. maí 2012 gaut hún 4 hvolpum og í fimmta sinn 3. mars 2013 gaut tíkin 4 hvolpum, alls 26 hvolpar. Kærandi telur að við 5 got tíkarinnar hafi kærðu gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ sem tóku gildi 1. janúar 2008. Hundarnir eru af kyninu Amerískur Cocker spaniel og er tíkin í eigu kærðu en rakkinn er í umsjá annars af kærðu. Kærðu svöruðu því til að ekki hafi verið ætlunin að para þessa tvo hunda saman og hætt hafi verið að nota þá til ræktunar. Til hafi staðið að fjarlægja legið úr tíkinni sökum „hormónavandamála“ hjá henni og beðið hafi verið eftir rétta tímanum til þess. Það varð þó til þess að tíkin varð hvolpafull og gaut 4 hvolpum en ekki þótti ráðlegt að fjarlægja hvolpana sökum aldurs tíkarinnar og hormónabreytinga.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Amerískur cocker spaniel:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun. Greinist hundur með arfgengt cataract mun hann verða skráður í ræktunarbann. (Gildir frá 01.12.2002) Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).”

Óumdeilt er að þegar þörun fór fram hafði hvorugt undaneldisdýranna gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við þörun hunda af kyninu Amerískur cocker spaniel skal augnskoðun hafa farið fram og má vottorðið ekki vera eldra en 12 mánaða. Augnvottorðið er eitt vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins. Hafa kærðu því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Og samkvæmt sömu reglum segir að ræktandi skuli hafa í heiðri góða hundaræktarsiði í ræktunarstarfi sínu og ber ræktanda að:

„Láta ekki tík eiga fleiri en fimm got. Ef tík eignast tvö got innan 12 mánaða tímabils þarf að hvíla tíkina í a.m.k. 12 mánuði fyrir næsta got.“

Tíkin hefur gotið fimm sinnum á tæplega fjögurra ára tímabili, frá apríl 2009 til mars 2013 og þegar tíkin gaut í fimmta sinn þá voru 10 mánuðir liðnir frá næsta goti á undan og hafði tíkin þá á tólf mánaða tímabili eignast tvö got. Það er því óumdeilt að hvíldartími tíkarinnar var ekki virtur.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotunum. Kærðu hafa borið því við að þörunin hafi alls ekki verið ásetningur. Ekki hafi verið vitað af lóðatíma tíkarinnar því hún hafi ekki sýnt nein merki um það og þar af leiðandi ekki verið gætt að því að rakkinn myndi ekki para hana. Kærðu gera sér vel grein fyrir brotunum og játa þeim skýlaust. Brot á reglum um augnvottorð ná til beggja undaneldishundanna. Kærðu eru bæði eigendur tíkarinnar en eru ekki eigendur að rakkanum heldur er hann í umsjá og á ábyrgð annars af kærðu. Kærðu teljast því bæði vera ábyrg fyrir báðum brotunum er varða tíkina og annað kærða ábyrgt fyrir brotinu er varðar rakkann. Báðir hundarnir hafa nú verið augnskoðaðir og til allra heilla staðist skoðun auk þess að búið er nú að fjarlægja legið úr tíkinni. Það breytir ekki brotinu að hundarnir hafi staðist skoðun eftir á, reglan hljóðar á um að vottorð liggi fyrir við þörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Reglan um hvíldartíma tíkar milli gota er sett með almenn dýraverndarsjónarmið að leiðarljósi og ætti öllum ræktendum að vera ljúft og skylt að hafa þá reglu í heiðri. Kærðu hafa hins vegar ekki gerst brotleg áður svo vitað sé og er tillit tekið til þess þrátt fyrir að brotið sé gegn tveimur liðum í grundvallarreglunum.

IV. Niðurstaða.

Kærðu A og B teljast hafa gerst brotleg við grein 2.6 og 3.4. í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærðu eru áminnt.

f.h. siðanefndar

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir